

# FUNDARGERÐ

284. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fundarsal HEF að Einhleypingi 1, Fellabæ  
fimmtudaginn 15. október 2020 kl. 15:00.

Mætt eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Skúli Björnsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Helga Hreinsdóttir varamaður og Aðalsteinn Þórhallsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum var fjarverandi Björg Björnsdóttir.  
Gunnar Jónsson, formaður, stýrði fundi.

## Dagskrá:

---

1. Covid-19 aftur
  2. Útfærsla yfirfærslu veitna til HEF í sameinuðu sveitarfélagi
  3. Fljótaldalshérað ljóstengt
    - a. Fjármögnun og gjaldskrá
    - b. Tengimiðja ljósleiðara
    - c. Fornleifaskráning - staðan
    - d. Fell, verkstaða (áfangi 0)
    - e. Verkstaða (áfangi 1)
    - f. Verkstaða (áfangi 2)
  4. Fjármál
    - a. Staða áætlunar, 6 mán.
  5. Starfsmannamál
  6. Hitaveita Djúpavogshrepps, borun Búlandsnesi
  7. Málefni í vinnslu hjá Samorku
  8. Yfirlit verkefna
    - a. Selás - endurnýjun
    - b. Hafrafell
    - c. Fráveita Djúpavogi
    - d. Gönguleiðir VÖK / Valgerðarstaðir
  9. Önnur mál
    - a. Austurljós
    - b. Hluthafafundur
    - c. Hugsanleg nafnabreyting félagsins
    - d. Stjórnarlok
- 

### 1. Covid-19 aftur

Engin röskun hefur verið hjá starfsfólki eða á starfsemi. Allir halda vöku sinni, áfram áhersla á þrif og sóttthreinsun sameiginlegra snertiflata á skrifstofu. Enginn er í einangrun á Austurlandi en 6 í sóttkví skv. upplýsingum á Covid.is í dag.

## 2. Útfærsla yfirfærslu veitna til HEF í sameinuðu sveitarfélagi

Sveitarfélagið hefur fengið nafnið Múlaþing.

Eignir og ytri skuldir færast til HEF frá vatns- og fráveitum Djúpavogshrepps, Seyðisfjarðar-kaupstaðar og Borgarfjarðar Eystri. Innri skuldir við A-hluta fyrrum sveitarfélaga verða eftir í A-hluta Múlaþings.

Fráfarandi stjórn bendir viðtakandi stjórn á að fara vandlega yfir stöðu fjármála veitunnar eftir yfirfærslu.

## 3. Fljótsdalshérað ljóstengt

### a. Fjármögnun og gjaldskrá

Málin rædd ítarlega.

Vísað til afgreiðslu hjá nýrri stjórn HEF.

### b. Tengimiðja ljósleiðara

Fyrir liggur skýringamynd (kerfismynd), hugmynd að fyrirkomulagi tengimiðja fyrir dreifikerfi ljósleiðara í dreifbýli á Fljótsdalshéraði. Ákveðið að hafa millitengingu í Einhleyping 1.

### c. Fornleifaskráning - staðan

Eiðaðinghá afgreidd af Minjastofnun, nokkrir staðir sem þarf að vakta í framkvæmd ljósleiðaralagningar. Enn er beðið eftir afgreiðslu Minjastofnunar í Skriðdal og Efri Jökuldal.

### d. Fell, verkstaða (áfangi 0)

Austurljós vinnur að blæstri, er að verða kominn frá Birnufelli í Setberg.

### e. Verkstaða (áfangi 1)

Útboð í gangi. Tilboð verða opnuð í jarðvinnu / plægingu 26. október nk. Verktími er til 2. júlí 2020, en í Eiðaðinghá og Skriðdal áætlaður fyrir lok þessa árs.

### f. Verkstaða (áfangi 2)

Fyrsta vettvangsferð fornleifa- og landfræðings hefur verið farin í Hjaltastaðaðinghá.

## 4. Fjármál

### a. Staða fjárhagsáætlunar

Farið yfir 6 mánaða uppgjör. 9 mánaða uppgjör verður sent til endurskoðanda fyrir lok næstu viku.

## 5. Starfsmannamál

Umræða.

## 6. Hitaveita Djúpavogshrepps, borun Búlandsnesi

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu málsins. Umsókn liggur inni hjá Orkusjóði.

## 7. Málefni í vinnslu hjá Samorku

Frekari umræðu frestað til næsta reglulega fundar stjórnar.

## 8. Yfirlit verkefna

### a. Selás - endurnýjun

Verkið gengur samkvæmt áætlun.

### b. Hafrafell

Hitaveitutenging komin á.

### c. Fráveita Djúpavogi

Í vinnslu.

### d. Gönguleiðir VÖK / Valgerðarstaðir

Sagt frá framvindu verkefnisins og rætt um mögulega aðkomu HEF.

## 9. Önnur mál

### a. Austurljós - samningur

Fulltrúar HEF hafa fundað með eigendum Austurljóss um uppfærslu samnings og viðauka. Málið áfram í vinnslu.

### b. Hluthafafundur

Stjórn leggur til við hluthafa að haldinn verði aukaaðalfundur vegna endurskipunar í stjórn HEF.

### c. Hugsanleg nafnabreyting félagsins

Stjórn ræddi um hvort breyta ætti nafni HEF í ljósi sameiningar sveitarfélaganna í Múlaþing. Vísað til nýrrar stjórnar.

### d. Stjórnarlök

Stjórnarformaður þakkar stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra gott samstarf. Stjórnarmenn þakka til baka og óskar viðtakandi stjórn farsældar í krefjandi störfum framundan.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.  
Fundargerð yfirfarin og fundi slitið kl. 19:05.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.

Fundargerð staðfest, \_\_\_\_\_ 2020

_____	_____
_____	_____
_____	_____